

1855. fjárstjórnina um málið, vil jeg ekki láta hjá líða að gefa yður til
 29. ágúst. vitundar og biðja yður að skýra beiðanda frá, að stjórninni, eptir
 því sem á stendur, ekki þykir sjer fært að útvega hina umbeiddu
 endurbót á tekjum brauðsins.

13. septbr. **42. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
 mannsins um tekjur af Staðarbakka.**

Með þóknanlegu brjefi 10. maí næstliðinn hefur komið til stjórnarinnar bónarbrjef; þar í hefur Sveinn prestur Nielsson, sem 30. maí 1850 allramildilegast var veitt Staðarstaður og Búðir í Snæfellsness-sýslu, en fjekk ekki að vita um veitinguna fyrir en fardagaárið 1850 var liðið, kvartað yfir úrskurði herra stiptamtmannsins 22. desember 1852, er skipar svo fyrir, að tekjurnar af brauði því, er hann áður hafði, Staðarbakka og Efranúpi í norður og austurumdæminu, fyrir fardagaárið 1850—51, skuli, að frá dregnum þeim kostnaði, er þurfti til að gegna embættisstörfum, falla undir eptirkomanda hans í síðast nefndu embætti, Gísla Gíslason, er þetta brauð var veitt 1. nóvember 1850, en sem fyrst tók við brauðinu í fardögum 1851, og hefur sótt um, að annaðhvort verði úrskurði þessum breytt þannig, að það sje álitid rjett að tekjur þær, sem orðið hafa afgangs af Staðarbakka-brauði á áður nefndu tímabili, beri undir hann, eða að það verði að minnsta kosti leyft, að mál þetta sje sótt að lögum.

Þessu til svars vildi jeg ekki láta hjá líða til vitundar og frekari auglýsingar fyrir beiðanda að skýra yður frá, að þar eð spurning sú, er hjer ræðir um, ekki snertir ágreining um skiptingu á tekjum embættis milli hins núverandi prests og þess, er var settur til að gegna embættinu, áður en presturinn tók við brauðinu, er yfirvöldin, samkvæmt tilskipun 3. febrúar 1836 IV., hefði átt að skera úr, heldur um það hvor af tveimur, sá sem fór frá brauðinu, eða hinn núverandi prestur á Staðarbakka eigi, samkvæmt tilskipun 6. janúar 1847, að fá tekjurnar af brauðinu

um vissan tíma, verður, ef þörf gjörist, eins og beiðandi æskir, 1855.
að láta málið ganga til dóms og laga. 13. septbr.

**43. Brjef innanríkisstjórnarinnar til byskups um jarða- 27. septbr.
matsnefndina¹.**

Konungsfulltrúi á hinu síðasta alþingi Melstedt amtmáður hefur, um leið og hann skýrði frá að alþingi hefði fallit á frumvarp stjórnarinnar, er fyrir það var lagt, um meðferð jarðamatsmálsins, og að síðan samkvæmt frumvarpinu hefði verið kosin nefnd og væru í henni kanseliráð, land- og bæjarfógeti V. Finsen, er væri forseti, og þeir er alþingi hefði kosið: Jón Pjetursson, landsyfirjettardómari og Jón Guðmundsson lögfræðingur í dönskum lögum, eptir ósk nefndarinnar, beðið stjórnina um að það verði boðið yfirvöldunum á Íslandi að útvega nefndinni þær skýrslur um jarðamatið, er hún vildi fá og álitu nauðsynlegar til að koma málinu í lag.

Sökum þessa vildi jeg þjónustusamlega biðja yður háæruverðugi herra að bjóða próföstunum á Íslandi að útvega skýrslur þær um jarðamatið, er nefnd sú, er áður er getið, kynni að æskja og senda yður þær, svo að þjer síðan getið fengið nefndinni þær í hendur.

**44. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í 18. októbr.
norður og austurumdæminu um málið á skjölum
sem send eru til stjórnarinnar².**

Eins og sjest af meðfylgjandi brjefi frá sýslumanni Arnesen kammerráði 6. júlí þ. á., hefur nefndur embættismaður spurt

¹) áþekk brjef eru sama dag skrifuð stiptamtanni og amtmönnum, um að bjóða sýslumönnum að útvega og senda nefndinni skýrslur um jarðamat.

²) sbr. brjef innanríkisstjórnarinnar 14. júlí 1854.